

Starfshópur um endurskoðun húsnæðisstefnu Hafnarfjarðar

4.fundur haldinn kl. 14:00 þriðjudaginn 6.apríl 2021. Fundurinn er fjarfundur í Teams.

Mættir: Valdimar Víðisson, Arnheiður Ásdís Kolbeins, Lovísa Traustadóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson, Friðþjófur Helgi Karlsson, Guðmundur Pálsson, ráðgjafi, Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldu – og barnamálasviðs sem ritaði fundargerð.

1. Drög að endurskoðaðri húsnæðisstefnu.

Guðmundur Pálsson, ráðgjafi KPMG fór yfir fyrirbyggjandi drög að endurskoðaðri húsnæðisstefnu. Endurskoðunin er vel á veg komin og taka fulltrúar starfshópsins hana til umfjöllunar og skoðunar fram að næsta fundi. Í áætluninni er dregin fram mynd af því hver staða húsnæðismála er í sveitarfélaginu, farið er yfir framboð og eftirspurn og áætlun um hvernig mæta á húsnæðisþörf heimila bæði til skemmri og lengri tíma. Gert er ráð fyrir að á næsta fundi starfshópsins liggi fyrir helstu áherslur og niðurstöður í endurskoðaðri áætlun.

Næsti fundur verður haldinn kl. 14, þriðjudaginn 20.apríl.

Fundi slitið kl. 14:40.